

# Áfangalýsing - siðfræði



## Framhaldsskóli

Menntaskóli Borgarfjarðar – haustönn 2010

## Námsgrein/ Lýsandi nafn á áfanga

SIÐ102 - Siðfræði

## Fjöldi eininga

2

## Undanfari

Enginn

## Lýsing á efni áfangans:

Er græðgi góð? Hvað er hamingja? Þessar tvær spurningar verða krufðar til mergjar í áfanganum. Við það komast nemendur í kynni við klassísk rit eftir spekinga á borð við Platón, Nietzsche og Hobbes, auk nútímahöfunda. Dæmi til útskýringa verða fengin úr ýmsum kvikmyndum. Nemendur tileinki sér jafnframt fræðilegar aðferðir og vinnubrögð í heimildavinnu, skrifi ritgerð um siðferðislegt álitamál og færi rök fyrir afstöðu sinni.

## Kennslugögn:

Heimspekisaga eftir Gunnar Skirbekk og Nils Gilje; ýmsar kvikmyndir

## Námsmat:

Ýmis verkefni (70%); drög að lokaritgerð (10%); lokaritgerð (20%)

# Áfangalýsing - siðfræði

Lokamarkmið áfanga:

## Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- helstu stefnum í siðfræði
- hugmyndum nokkurra þekkra heimspekinga um siðfræði
- nokkrum þekktum siðfræðiritum
- mismunandi nálgun við viðfangsefni siðfræðinnar
- siðferðislegum hugmyndum sem birtast í þekktum kvikmyndum
- gömlum og nýjum hugmyndum um græðgi og hamingju
- hagnýtu gildi siðfræðinnar

## Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja umfjöllun um siðferðileg efni
- beita hugökum siðfræðinnar á skýran og skilmerkilegan hátt
- greina kvikmyndir/frásagnir með tilliti til siðferðilegra þátta
- skoða sín eigin siðferðisgildi
- setja fram spurningar og taka þátt í umræðu um siðferðileg álitamál
- tjá kunnáttu sína á munnlegan og skriflegan hátt

## Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- gera sér grein fyrir ólíku gildismati og áhrifum þess á siðferði
- gera sér grein fyrir mikilvægi siðferðilegrar umræðu
- afla sér upplýsinga um siðfræðileg málefni, greina aðalatriði þeirra og nýta sér til frekari vinnslu
- vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra á gagnrýninn hátt
- geta áttað sig á því hvenær málefni krefjast siðfræðilegrar umfjöllunar